

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag fyrir starfsmannahús á jörðinni Götu.

Skipulagssvæðið nær yfir rúmlega 1,6 ha og innan svæðisins er gamalt fjós sem í dag er að hluta til nýtt sem starfsmannahús. Samkvæmt deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að byggt verði nýtt allt að 150 m² starfsmannahús.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. febrúar 2013.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. júní 2013.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 10. júlí 2013